



Varmahlíðarskóli óskar eftir stuðningsfulltrúa eða starfsmanni í skóla með stuðningi

Upphaf starfs:	1. janúar 2022.
Starfsheiti:	Stuðningsfulltrúi / starfsmaður í skóla með stuðningi.
Starfshlutfall:	100% starfshlutfall.
Lýsing á starfinu:	Í starfinu felst að aðstoða einn eða fleiri nemendur sem þurfa sérstaka aðstoð við nám, félagsleg samskipti og/eða athafnir daglegs lífs. Stuðningsfulltrúi starfar undir leiðsögn og í samvinnu við kennara og/eða þroskaþjálfara. Hann hefur umsjón og eftirlit með nemendum í margskonar aðstæðum, gætir nemenda og leiðbeinir, inni sem úti. Stuðningsfulltrúi fylgir einum eða fleiri nemendum yfir skóladaginn í kennslustundir og frjálsum tíma. Starfið felur í sér mikil samskipti og umgengni við ólíka einstaklinga á öllum aldri.
Menntunarkröfur:	Æskilegt að hafa lokið námi fyrir stuðningsfulltrúa eða sambærilegu.
Hæfniskröfur:	Góð samstarfshæfni, geta til að hjálpa börnum í leik og starfi, geta til að leiðbeina börnum í samskiptum og vera fær um að mæta ólíkum þörfum einstaklinga af umhyggju og umburðarlyndi. Stuðningsfulltrúar eru í mikilvægu hlutverki sem fyrirmyndir barna, þurfa að geta lesið í aðstæður og brugðist skjótt við.
Vinnutími:	Dagvinna.
Launakjör:	Laun og önnur starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við hlutaðeigandi stéttarfélag.
Umsóknarfrestur:	Er til og með 8. desember 2021.
Nánari upplýsingar:	Hanna Dóra Björnsdóttir, skólastjóri Varmahlíðarskóla, í síma 455-6023 eða hannadora@varmahlidarskoli.is .
Umsóknir:	Umsóknum er greina frá menntun og fyrri störfum, ásamt prófskírteini ef við á, skal skilað í gegnum íbúagátt sveitarfélagsins eða gegnum heimasíðu sveitarfélagsins, www.skagafjordur.is (laus störf). Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Í Varmahlíðarskóla eru um 100 nemendur í 1.-10. bekk. Flestir nemendur skólans koma úr Varmahlíð og drefibýli í framanverðum Skagafirði. Varmahlíðarskóli leggur áherslu á faglegt og fjölbreytt starf. Nám er kjarni skólastarfsins og efling náms er meginviðfangsefni allra starfsmanna. Varmahlíðarskóli starfar sem heilsueflandi grunnskóli og leggur áherslu á velferð, hreyfingu og heilbrigða lífshætti. Skólinn starfar í anda Olweusaráætlunarinnar gegn einelti, hefur tileinkað sér aðferðir byrjendalæsis og markvissa notkun upplýsingatækni. Í verkgreinakenndu er áhersla lögð á endurnýtingu.